



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. apríl 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, 338. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagt er til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2011/7/EB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum.

SA gera ekki athugasemdir við heildarmarkmið lagasetningarinnar en leyfa sér að gera smávægilegar athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um innheimtubætur en slík heimild er nýmæli og áður óþekkt í íslensku viðskiptalífi.

Í fyrsta lagi telja SA að tilgreining á viðmiðunarfjárhæð í erlendum gjaldmiðli eins og um ræðir í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins sé ekki æskileg þróun í lagasetningu á Íslandi. Er mikilvægt að viðmiðunarfjárhæðin sé skýr enda ljóst að ekki þurfi mjög stórvægilegar breytingar á genginu til að hin tilgreinda íslenska fjárhæð sé orðin lægri en það viðmið sem tilgreint er í evrum. Er þá komin upp sú staða að fjárhæð innheimtubóta sé síbreytileg og mismunandi hvern dag en mikilvægt er við innleiðingu slíkra nýjunga að framkvæmdin sé einföld og skýr.

Í öðru lagi leggja samtökin áherslu á að það þurfi að liggja skýrt fyrir í hverju heimildin til að krefjast innheimtubóta skv. 6. gr. frumvarpsins sé falin, og hvernig sú heimild tengist öðrum innheimtuaðgerðum fyrirtækja.

Við lestur á tilskipun 2011/7/EB og lögskýringargögnum sem henni fylgja má draga þær ályktanir að hér á landi ríki að sumu leyti aðrar aðstæður en þær sem skópu umrætt regluverk. Vextir og dráttarvextir á Íslandi eru almennt mun hærri en gerist í ríkjum Evrópusambandsins auk þess sem á Íslandi hefur skapast umhverfi þar sem innheimta reikninga sem ekki eru greiddir á eindaga er að miklu leyti útvistuð til sérstakra innheimtufyrirtækja. Er því nú þegar til staðar mun meiri hvati fyrir skuldara til að standa í skilum enda vaxtakostnaður vegna vanskila mikill og innheimtukostnaður alfarið borinn af skuldara.

Umræddar innheimtubætur skv. 6. gr. eru þannig hugsaðar til þess að koma til móts við innri kostnað sem myndast í fyrirtækjum af þeirri vinnu og óhagræði sem felst í því að reikningar eru ekki greiddir á tilsettum tíma, auk þess sem þær eiga að skapa jákvæðan hvata fyrir skuldara til að greiða reikninga á tilsettum tíma. Virðist ljóst að slíkur innri kostnaður fyrirtækja er mjög misjafn og fer að einhverju leyti eftir umfangi vanskila sem og innri ferlum og því að hversu miklu leyti fyrirtæki nýta sér þjónustu innheimtufyrirtækja. Í sumum tilfellum eru innheimtukerfi fyrirtækja samtengd innheimtufyrirtækjum þannig að séu reikningar ekki greiddir á eindaga þá virkjast sjálfkrafa innheimtufærli hjá innheimtufyrirtækjum með tilheyrandi viðbótarkostnaði fyrir skuldara. Í öðrum tilfellum sjá



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fyrirtæki jafnvel alfarið sjálf um innheimtuaðgerðir og leggst þá ekki annar kostnaður á kröfuna en dráttarvexti fyrr en málið er sent til lögmanns í löginnheimtu.

SA fengu tækifæri til að gera athugasemdir við drögin sem lágu til grundvallar frumvarpi þessu er þau voru í meðferð ráðuneytisins og gerðu þá athugasemdir við óskýrleika í samspili innheimtubóta og annars innheimtukostnaðar. Hefur í þessu frumvarpi að einhverju leyti verið komið til móts við þær athugasemdir og skv. 2. mgr. 6. gr. skal setja reglugerð sem kveður á um samspil innheimtubóta og fyrirbyggjandi reglna um innheimtu og löginnheimtu m.t. að innheimtubætur geti komið til frádráttar slíkum kostnaði. Telja samtökin þó æskilegt að það komi fram í sjálfum lögnum skýr fyrirmæli um samspil innheimtubótanna við tekið að taka mið af markmiði og tilgangi tilskipunarinnar sem lagasetningin byggist á.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bergþóra Halldórsdóttir